

Nd.

445. Nefndarálit

[103. mál]

um frv. til gjaldbrotalaga.

Frá allsherjarnefnd.

Lög um gjaldbrotaskipti voru fyrst sett hér á landi 1894 og voru þau í öllum aðalatriðum byggð á dönskum lögum frá 1872. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á þessum lögum um einstök atriði, en að stofni til eru lögin frá 1894 enn í gildi.

Þau lög eru samin við allt aðrar aðstæður en nú hekkjast og eru að mörgu levti úrelt. Revnslan hefur og verið sú, að meðferð gjaldbrotamála er hunglamaleg og seinvirk og búsmæðferð í litlu samræmi við umfang mála, kostnaður oft mikill, en uppskera lítil og hæsmunir gerðarbeiðanda ekki nægilega tryggðir.

Umfangsmikil endurskoðun hefur farið fram á norrænni gjaldbrotalöggjöf, og er henni enn ekki að fullu lokið. Ákveðnar meginlínur hafa þó verið markaðar og mun frumvarp þetta hafa tekið mið af þeim.

Í þessu frumvarpi er leitast við að koma eftirfarandi meginbreytingum í framkvæmd:

1. Meðferð húa, annarra en smábúa, hverfi frá skiptaráðanda til sérstaks hústióra.
2. Kostnaður af starfi hústióra, skiptastjóra og aðstoðarmanns skiptaráðanda skal greiddur af fé brotabúsins.
3. Einn kafli frumvarpsins fjallar um greiðslustöðvun, sem er nýmæli, sem á að stuðla gegn því, að einstakir lánardrottinnar fái óeðlilega mikið í sinn hlut.
4. Hústióra eða heim, sem annast húskiptin, eru gefnar mun frjálssari hendur um meðferð búsins.
5. Ríftun á ráðstöfun brotamanns og vissar fullnustugerðir lánardrottina verði greiðari en nú er.
6. Mörg ákvæði eru í frv. sem miða að því að leysa úr vafaatriðum og einfalda skiptameðferð.

Allsherjarnefnd hefur lesið frumvarpið yfir ásamt með allsherjarnefnd Ed. í þeim tilgangi að flýta afgreiðslu málsins.

Umsagna var leitað hjá eftirtöldum aðilum: Dómarafélagi Íslands, Lögmannafélagi Íslands, lagadeild Háskóla Íslands, skiptaráðendum í Reykjavík, Akureyri, Hafnarfirði og Kópavogi.

Umsagnir bárust frá Dómarafélagi Íslands, Lögmannafélagi Íslands, lagadeild H.Í. og skiptaráðanda á Akureyri.

Við athugun á frumvarpinu naut nefndin aðstoðar Þórs Vilhjálmssonar hæstaréttardómara, sem samdi frv., og Stefáns M. Stefánssonar, setts prófessors. Kann nefndin þeim bestu þakkir fyrir góða aðstoð.

Nefndin hefur fallist á að mæla með samþykkt frumvarpsins í öllum meginatriðum. Er það í samræmi við þær umsagnir, sem bárust, en þar kom það meginálit skýrt fram, að ný gjaldþrotalöggjöf væri brýn nauðsyn og að stefna frumvarpsins væri rétt.

Nefndin hefur hins vegar lagt fram allmargar breytingartillögur, sem eru í samræmi við þær ábendingar, sem henni hafa borist, og eru þær í fullu samráði við höfund frumvarpsins. Þær breyta þó ekki neinum meginatriðum, en eru til leiðréttinga og lagfæringa að flestu leyti. Verður nú gerð stuttlega grein fyrir þeim. Þess skal getið, að Sighvatur Björgvinsson og Svava Jakobsdóttir voru fjarverandi lokaafgreiðslu málsins.

#### Við 7. gr.

Eins og fyrr segir er gert ráð fyrir þeim nýmælum, að sá, sem á í verulegum fjárhagsörðugleikum og vill freista þess að koma nýrri skipan á fjármál sín, geti óskað eftir greiðslustöðvun.

Með þessu ákvæði er leitast við að tryggja að lánadrottinnar fái meira upp í kröfur sínar, greiða fyrir samningum og hindra að einstakir lánadrottinnar fái óeðlilega mikið í sinn hlut. Kaflinn um greiðslustöðvun helst nokkuð í hendur við nauðasamninga, og kom fram ábending frá Dómarafélagi Íslands, að kafla um slíka samninga væri settur inn í frv. Ekki þykir þó ástæða til þess, þar sem sérstakt frv. mun verða flutt þar að lútandi.

Hins vegar vill nefndin reyna að koma í veg fyrir, að greiðslustöðvun verði misnotuð, og leggur því til, að ekki megi heimila aðila greiðslustöðvun, ef hún hefur áður verið heimiluð á síðustu 3 árum fyrir frestdag.

#### Við 10. gr.

Með breytingu á þessu ákvæði er reynt að tryggja að greiðslustöðvun verði ekki til að teyja að málefni bús verði tekin föstum tókum og skuldari geti ekki notfært sér greiðslustöðvun á kostnað lánadrottinna.

#### Við 11. gr.

Þessi breyting er í samræmi við breytingu á 10. gr.

#### Við 13. gr.

Hér er skiptaráðanda lagt það á vald að hafna kröfum um gjaldþrotaskipti, ef fógetagerð gefur ekki ótvíræða vísbendingu um eignir og skuldir skuldara. Er með því verið að reyna að komast hjá óþörfum málarekstri.

#### Við 19. gr.

Hér er lagt til, að í auglýsingu sé einnig innköllun til þeirra, sem vilja gera tilkall til eigna úr búinu, auk skuldheimtumanna, og ætti það að flýta búsmæðferð og gera auglýsingu gleggri en ella.

#### Við 21. gr.

Í stað þess að skylda lánadrottina um tryggingu vegna kostnaðar er það lagt í vald skiptaráðanda að taka ákvörðun þar um, og eru þá hagsmunir efnalitilla lánadrottinna hafðir í huga.

**Við 24. gr.**

Lagt er til, að 2. mgr. falli niður, þar sem núverandi málsgrein er óþörf, þar sem haldsréttur er bein uppboðsheimild og verður tekinn til meðferðar með öðrum beinum uppboðsheimildum.

**Við 25. gr.**

Orðalag er gert nákvæmara með því að miða við frestsdag í stað upphafs gjaldþrotaskipta.

**Við 31. gr., 2. mgr.**

Í stað orðanna „þegar skipti byrja“ kemur: þegar upp er kveðinn úrskurður, sbr. 19. gr.

**Við 31. gr., 3. mgr.**

Í stað þess að breyta kröfum í erlendum gjaldeyri í íslenskar krónur skv. gengi á þeim degi, sem gjaldþrotaúrskurður er kveðinn upp, er lagt til að miðað sé við þann tíma, sem lánardrottinn fékk vitneskju um, að hann gæti fengið greiðsluna. Þessi breyting kann að orka tvímælis, en þykir þó eðlileg eftir aðstæðum hér á landi.

**Við 32. gr.**

Hér er gerð sú breyting, að lánardrottinn þarf að hafa eignast kröfu áður en 3 mánuðir voru til frests dags.

**Við 56. gr.**

Þessi breyting er afleiðing af breytingu á 32. gr.

**Við 58. gr.**

Hér er orðalagi breytt til að taka af tvímæli um það, hvernig eigi að sanna gjaldfærni þrotamanns.

**Við 62. gr.**

Bætt er við nýrri setningu til að koma í veg fyrir ósanngjarnar niðurstöður, þegar viðsemjandi er í vondri trú.

**Við 69. gr.**

Nýrri setningu er bætt inn hér til að tryggja frekar rétt þriðja manns.

**Við 71. gr.**

Þarfnast ekki skýringa.

**Við 75. gr.**

Til samræmingar við aðrar breytingar.

**Við 81. gr.**

Hér er bætt við nýrri málsgrein, sem kveður á um refsingu þrotamanns, ef hann sinnir ekki lögboðnum aðgerðum stjórnvalda.

**Við 85. gr.**

Ákvæðið gert fyllra og skýrara.

**Við 86. gr.**

Ákvæðið gert skýrara.

**Við 88. gr.**

Leiðir af öðrum breytingum.

**Við 91. gr.**

Hér er réttur kröfuhafa lítillaga aukinn.

**Við 92. gr.**

Ekki er talið rétt að gera kröfu til þess, að skiptaráðandi láti ganga frá bókhaldi þrotamanns skv. ítrustu kröfum, sem gæti verið tafsamt og óþarft undir vissum kringumstæðum.

**Við 95. gr.**

Þarfnast ekki skýringa.

**Við 96. gr.**

Þarfnast ekki skýringa.

**Við 101. gr.**

Hér er fallið frá þeirri kröfu, að reikningar skuli gerðir eins og fyrir er mælt í bókhaldslögum, í samræmi við það sem áður er sagt um breytingu á 92. gr.

**Við 104. gr.**

Nýrri málsgrein er bætt inn til að tryggja að bústjóri til bráðabirgða grípi ekki til ráðstafana án samráðs við skiptaráðanda, ef þær ráðstafanir teljast mikilvægar.

**Við 109. gr.**

Þarfnast ekki skýringa.

**Við 136. gr.**

Þarfnast ekki skýringa.

Alþingi, 15. mars 1978.

Ellert B. Schram,  
form, frsm.

Ingvar Gíslason,  
fundaskr.

Ingólfur Jónsson.

Friðjón Þórðarson.

Páll Pétursson.